



Skóli Ísaks Jónssonar  
Sjálfseignarstofnun

## **Skólanámskrá SÍJ** **Heimilisfræði – 4. bekkur**

Nemendur fá fjögur skipti í heimilisfræðikennslu á ári sem gera 8 kennslustundir.

Stuðst er við kennslubókina Heimilisfræði 4 og unnar nokkrar uppskriftir úr henni.

Nemendur fá að kynnst ger- og kökubakstri og læra hvernig og hvaða áhöld á að nota við baksturinn.

Í heimilisfræði gefst tækifæri til að hafa áhrif á lífsstíl nemenda og því tölum við m.a. um muninn á hollum og óhollum mat og mikilvægi hreinlætis.

### **Matsviðmið**

#### **Matur og lífshættir**

Tjáð sig á einfaldan hátt um heilbriðgða lífshætti.

Tjáð sig um helstu kostnaðarliði við matargerð og heimilishald almennt.

Farið eftir einföldum leiðbeiningum um hreinlæti og þrif.

#### **Matur og vinnubrögð**

Farið eftir einföldum uppskriftum og notað til þess einföld mæli- og eldhúsáhöld.

Sagt frá helstu hættum sem fylgja vinnu í eldhúsi.

#### **Matur og umhverfi**

Sett viðfangsefni heimilisfræðinnar í einfalt samhengi við sjálfbærni.

Skilið einfaldar umbúðamerkingar.

#### **Matur og menning**

Tjáð sig á einfaldan hátt um jákvæð samskipti við borðhald, helstu hátíðir Íslendinga, siði sem þeim fylgja og þjóðlegan mat.

#### **Virgni og samskipti**

Tekið virkan þátt í tímum og farið eftir fyrirmælum sem gefin eru.

### **Námsmat**

Við mat á hæfniviðmiðum er stuðst við virkni og þátttöku í tímum og þau verkefni sem nemendur hafa unnið við. Námsmat er sýnilegt á mentor í lok hverrar lotu.